

Íbúaráð Breiðholts

Ár 2022, miðvikudaginn, 7.september, var haldinn 30. fundur íbúaráðs Breiðholts. Fundurinn fór fram í Suðurmíðstöð og með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 16.36. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Sara Björg Sigurðardóttir, Helgi Áss Grétarsson, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Ágústa Ýr Þorbergsdóttir og Frank Úlfar Michelsen. Fundinn sátu einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Jóhannes Guðlaugsson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. júní 2022 um kosningu þriggja fulltrúa og þriggja til vara í íbúaráð Breiðholts. Sara Björg Sigurðardóttir var kosinn formaður íbúaráðs Breiðholts. MSS22060056
 - 16.41 tekur Þorvaldur Daníelsson sæti á fundinum.
2. Lögð fram tilnefning íbúasamtaka í íbúaráð Breiðholts. Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir tekur sæti í íbúaráði Breiðholts fyrir hönd íbúasamtaka og Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir til vara. MSS22080029
3. Lögð fram tilnefning foreldrafélaga í íbúaráð Breiðholts. Ágústa Ýr Þorbergsdóttir tekur sæti í íbúaráði Breiðholts fyrir hönd foreldrafélaga. MSS22080029
4. Lagt fram slembival í íbúaráði Breiðholts. Frank Úlfar Michelsen tekur sæti í íbúaráði Breiðholts sem slembivalinn fulltrúi og Vala Dröfn Björnsdóttir til vara. MSS22080029
5. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 10. febrúar um samþykkt borgarráðs á tillögum stýrihóps um innleiðingu íbúaráða. MSS21120181
6. Lögð fram samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkur. MSS220090031
7. Lagt fram til afgreiðslu fundadagatal íbúaráðs Breiðholts. MSS220090031
Samþykkt með þeim fyrirvara að októberfundur ráðsins fari fram 12. október.
8. Lagt fram bréf íþrótt- og tómstundasviðs dags. 16. ágúst 2022 með umsögn vegna undirskriftarlista foreldra hjá íþróttafélaginu Leikni. MSS22050027

Fulltrúi Samfylkingar, fulltrúi Framsóknarflokks, fulltrúi íbúasamtaka og fulltrúi foreldrafélaga leggja fram svohljóðandi bókun:

Þeirri lendingu sem náðst hefur um Íþróttahúsið við Austurberg er fagnað. Komið hefur verið til móts við fjölgun æfingátíma hjá Íþróttafélaginu Leikni eins og kallað var eftir af hálfu íbúa. Samhliða er spennandi nálgun ÍTR um að bjóða upp á opna tíma í fjölbreyttum íþróttum fyrir borgarbúa ásamt því að skipuleggja tíma í ólíkum íþróttageinum fyrir áhugasama. Það er okkar ósk að þessi ráðstöfun muni hvetja til þátttöku ólíkra hópa í hverfinu.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er jákvætt að íþróttafélagið Leiknir hafi fengið aukinn aðgang fyrir starfsemi sína í íþróttahúsinu í Austurbergi núna í haust. Vonandi er þetta skref vísbending um að til lengri tíma litið verði hægt að koma til fulls við þær óskir sem fram komu í áskorun foreldra í Efra-Breiðholti til borgaryfirvalda en samhliða henni var lagður fram undirskriftarlisti íbúa henni til stuðnings.

Slembivalinn fulltrúi leggur fram svohljóðandi bókun:

Því er fagnað að lending virðist vera að nást í þessu máli. Málsaðilar eru hvattir til að endurmeta stöðuna að sex mánuðum liðnum.

9. Lögð fram svohljóðandi tillaga íbúaráðs Breiðholts dags. 31. ágúst 2022:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að til að kanna hvort ný aðstaða ÍR í Suður Mjódd geti nýst undir frístundaheimili barna búsett í Breiðholti og rekið af Miðbergi. Horft verði til farsæls samstarfs ÍR og Miðbergs við rekstur frístundaheimilis í Austurbergi undanfarin ár.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

10. Fram fer umræða um Römpum upp Ísland og ábendingar í Breiðholti. Samþykkt að fela formanni í samvinnu við ráðið að leiða vinnu ráðsins við að safna ábendingum í Breiðholti og skila á næsta fundi.

Íbúaráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráðið í Breiðholti fagnar beiðni Römpum upp Ísland um að ráðið leiti út í hverfið með ábendingar um hvar brýn þörf sé á að bæta aðgengi hóps með skerta hreyfigetu að þjónustu, verslunum og veitingahúsum í hverfinu. Á sama tíma þakkar ráðið fyrir frumkvæðið að verkefninu og þá sérstaklega Haraldi Þorleifssyni frumkvöðli.

11. Lagt fram bréf skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 17. ágúst vegna umferðaröryggisaðgerða 2022.

12. Fram fer umræða um Borgin okkar-2022 – hverfin.

Íbúaráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Breiðholts lýsir mikilli ánægju með verkefni Borgarinnar okkar 2022 og vill hvetja til að verkefnið verði fest í sessi til langs tíma. Með því að bjóða upp á viðburði, styrkja einstaklinga og félagahópa til samvinnu og samstöðu eflist hverfisandi, félagsauður, mannlífið og menningin í hverfum borgarinnar.

13. Fram fer umræða um Hverfissjóð Reykjavíkurborgar.

14. Fram fer umræða um málefni hverfisins.

15. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður.

Samþykkt að veita Íþróttafélagi Reykjavíkur styrk að upphæð kr. 150.000,- vegna verkefnisins ÍR dagurinn.
Afgreiðslu annarra umsókna frestað.

Fundi slitið kl. 18:30

Sara Björg Sigurðardóttir

Þorvaldur Daníelsson
Helgi Áss Grétarsson
Frank Úlfar Michelsen

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir
Ágústa Ýr Þorbergsdóttir